

BORGARRÁÐ 14. nóvember 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað við breytingar á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi - R19110090

Fyrirspurnir frá Flokki fólksins vegna kostnaðar á breytingum á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi. Í þessu máli liggja orðið mikið magn af gögnum. Talað er um að hafa þetta fyrirkomulag til 10 ára og að hagræðing verði um 2 milljarðar. Þessi breyting er í óþökk við íbúa Staðarhverfis. Sagt er að með þessari breytingu sé mikill ávinningur, fjárhagslegur og faglegur. Flokki fólksins finnst að þegar talað er um ávinning verður að taka afstöðu og líðan fólks með umrædda ákvörðun inn í myndina. Rökin gegn þessum breytingum eru mörg og hafa kannski ekki verið vegin og metin af hlutlausum aðila við rökin sem sögð eru vera með þessum breytingum. Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvað undirbúningsferli vegna breytinga á skólahaldi í Grafarvogi hefur kostað? Fjöldi starfsmanna, tíma sem varið er í verkefnið, launakostnaður. Tími og laun við að svara óánægðum íbúum, skeytum, síma og fundir? Kostnað við innleiðingarferlið, innleiðingarhóparnir, tími og laun? Aðkeypt þjónusta, kostnaður vegna aðkeypts verkefnastjóra? Samgöngubætur sem gera þarf í tengslum við þessar breytingar til að börnin komist örugg á milli heimila og skóla? Annað sem ekki er nefnt hér að ofan en tengist breytingarferlinu og undirbúningi þess.